

Mál nr. 172/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verslunar.

Slys af völdum jártjalds til að loka verslunardyrum þann 10.12.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 6.9.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.9.2007.

Málsatvik.

M var stödd í versluninni V í tiltekinni verslunarmiðstöð ásamt dóttur sinni um það leyti sem henni var lokað. Er hún gekk út úr versluninni rak hún höfuðið í jártjald, eins konar rennihurð, sem dregið er niður þegar versluninni er lokað. Féll M aftur fyrir sig og lenti með hnakkann í gólfinu og hlaut meiðsl af.

M kvað tjaldið hafa verið dregið niður í ennishæð sína og hafi hún ekki orðið vör við það og lenti því með höfuðið á því. Kvað M tjaldið hafa verið að fullu uppdregið þegar hún gekk inn í verslunina skömmu áður, en verið dregið niður að því er virðist þegar versluninni var lokað.

Verslunarstjóri V kvaðst hafa kallað til þeirra tveggja sem voru inni í versluninni og síðan ýtt á takka sem setti framangreint tjald niður til að loka dyrum verslunarinnar. Taldi hann hæpið að fólk tæki ekki eftir því er tjaldið færi af stað þar sem heyrðist töluvert hátt í því þegar það væri á hreyfingu, auk þess sem hann hefði kallað til viðskiptavinanna áður en hann hóf lokunina.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins mun verslunarstjóri V hafa kallað til viðskiptavina í versluninni áður en hann hóf að draga tjaldið niður til að loka verslunardyrunum. Þá mun heyrast vel í tjaldinu þegar það er dregið niður. Ætla verður að tjaldið hafi verið sýnilegt, jafnvel þótt neðri brún þess hafi verið u.þ.b. í ennishæð M er hún rakst á það. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á að verslunarstjórinn eða aðrir starfsmenn, sem V ber ábyrgð á, hafi með saknæmri háttsemi verið valdir að því að M rak höfuðið í tjaldið. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar tjaldsins. Að þessu athuguðu telst V ekki bera ábyrgð á líkamstjóni M sem hún hlaut í umrætt sinn.

Niðurstaða.

V ber ekki bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 9. október 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.